Samþ. 26.04.2005




## Byggingarlýsing:

Lóðin er við Lóubraut nr.8 í Kjóabyggð í landi Efra-Sels, Hrunamannahreppi. Ekið er frá vegi sem liggur í átt að Ísabakka og Hvítárholti inn í hverfið. Skildur lóðarhafa gangvart aðkomu eru þær sömu og gilda um aðra lóðarhafa á svæðinu.

Stærð lóðarinnar er 2781m² og er gert ráð fyrir að reisa á henni frístundahús með palli og heitum potti ásamt útihúsi. Pallurinn Umlýkur frístundahúsið, heita pottinn og inn á útihúsið. Skjólveggur er við þann hluta pallsins þar sem pottur er staðsettur. Heimreið verður malborin. Varðandi girðingu um lóðina skal lóðarhafi fylgja þeim ákvæðum og reglum sem gilda um nærliggjandi frístundahúsa-lóðir.

Byggingin sem sótt er um að reisa á lóðinni er frístundahús úr timbri á steyptum undirstöðum. Burðarvirki hússins er timbur einangrað í grindina. Undir húsinu verða rekin niðu á fast stál-rör 30mm í þvermál. Steypt er innan í rörin og bitar ofan á þau, ofan á bitana er steypt 180mm þykk sjálfberandi plata. Gólfplatan hvílir á frostfrírri burðarhæfri fyllingu. Sólpallur verður borinn uppi af timburstaurum sem reknir verða niður á fast. Að innan er húsið klætt með timburpanel og að utan með standandi borðaklæðningu úr timbri. Á þakiverður þakpappi. Þakhalli er 22° og mesta hæð byggingarinnar er 4,2m yfir gólfi.

Byggingin verður máluð í dökkgráum lit (ibenholt) en gluggar, hurðir, áfellur og þakkantar verður málað með afhvíttuðum lit (antikhvítt). Pallur verður brúnn (umbra) og handrið á honum í sama lit og gluggar. Sýnilegar steyptar undirstöður verða málaðar í dökkgráum lit. Útihús og timbur umhverfis heitan pott verður málað í sömu litum og frístundahúsið.

Á afstöðumynd er sýnd staðsetning á heitum potti og útihúsi. Útihúsið er úr timbri. Klæðning og litur á útihúsi verður í samræmi við frístundahúsið. Hluti af þaki frístundahússins tengist inn á útihúsið. Allt fyrirkomulag á heitum potti fylgir ströngustu reglum um öryggi og aðbúnað.

Á afstöðumynd er sýnd staðsetning á rotþró fyrir frístundahúsið. Rotþróin er af viðurkenndri gerð og frágangur allur í samræmi við reglur heilbrigðiseftirlits. Auðvelt er að komast að rotþrónni til þess að tæma hana og hreimsa.

Inntak fyrir heitt vatn og rafmagn er í sérstökum skáp sem er innfelldur í útihúsið. Uppsetning og fyrirkomulag á heitu og köldu vatni eru í samræmi við þær kröfur sem gilda um önnur frístundahús á staðnum. Uppsetning og fyrirkomulag á inntaki er í samræmi við reglur RARIK

Sorphirða er á ábyrgð frístundahússeiganda. Heimilt er að nota almenningsgáma séu þeir fyrir hendi.

Helstur stærðir:

| | |
|---|---|
| Nettóstærð grunnflatar frístundahúss: | 56,4m² |
| Brúttóstærð grunnflatar frístundahúss: | 65,2m² |
| Brúttórúmmál frístundahúss: | 228,6m³ |
| Úthús: | |
| Nettóstærð grunnflatar: | 24,5m² |
| Brúttóstærð grunnflatar: | 28,0m² |
| Brúttórúmmál útihúss: | 91,0m³ |

# Lóubraut 8
# Efra-Sel

Frístundahús

Aðalteikning

Afstöðumynd

| | |
|---|---|
| verknr. / teikning nr. / útgáfa: | 05-007-101 |
| kvarði: | 1:500 |
| dagsetning: | 02.05.2005 |
| teiknað: | PT |
| samþykkt: | PT |

útgáfa skýring dags.


arkitektur.is

Hverfisgata 26 • 101 Reykjavík • sími 562 5020 • fax 562 5086
Kaupvangsstræti 23 • 600 Akureyri • sími 462 6727 • fax 461 1507
netfang arkitektur.is@arkitektur.is http://www.arkitektur.is

Elín Kjartansdóttir faí
Gísli Jón Kristinsson faí
Haraldur Örn Jónsson faí
Helga Benediktsdóttir faí
Guðmundur Gunnarsson faí
Páll Tómasson 040656 2439 faí